



## Skútustaðahreppur

### Tillaga að deiliskipulagi minjasvæðis á Hofstöðum í Mývatnssveit

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 26. október s.l. að auglýsa skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi minjasvæðis á Hofstöðum í Mývatnssveit.

Markmið deiliskipulagstillögunnar er að bæta aðgengi og umferð ferðamanna um minjasvæðið m.a. með skipulagningu bílastæðis, stíga, skilta, útsýnissvæða og staðsetningu byggingarreits fyrir salernisaðstöðu við bílastæði. Jafnframt er skipulaginu ætlað að stuðla að verndun og varðveislu minja á svæðinu og gera þær sýnilegri fyrir ferðamenn sem koma til Hofstaða.

Tillöguuppráttur og greinargerð munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, frá og með föstudeginum 28. október til og með föstudeginum 9. desember 2016. Þá er tillagan og aðgengileg á heimasíðu Skútustaðhrepps: <http://www.myv.is> undir **Skipulagsauglýsingar** (hnappur á forsiðu).

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 9. desember 2016. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: [bjarni@thingeyjarsveit.is](mailto:bjarni@thingeyjarsveit.is). Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Bjarni Reykjalín,  
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.